

Brunamálastofnun

Iceland Fire Authority

Brunamálastaskólinn Fjarkennsla

Ráðstefna slökkviliðsstjóra 2010
Björn Karlsson

Yfirlit

- Nýtt Skólaráð Brunamálaskólans
- Bakgrunnur
- Almennt um námið
- Grunn nám hlutastarfandi slökkviliðsmanna
 - Námskeið 1, 2fh og 2sh
 - Hugsanleg útfærsla bóklegs náms og próf
 - Hugsanleg útfærsla verklegs náms og próf
 - Námskeið 3 og 4
- Stjórnandanámskeið
- Önnur námskeið skólans
- Lokaorð

Skólaráð

- Kristín Jónsdóttir, formaður,
Endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands
- Herdís Sigurjónsdóttir, bæjarfulltrúi í
Mosfellsbæ, Samband sveitarfélaga
- Sverrir Björn Björnsson, formaður LSS

Bakgrunnur

- Umfang námskeiðahalds Brunamálastofnunar hefur nær fjórfaldast á átta árum
 - Allt grunnnám slökkviliðsmanna tvöfaldaðist í reglugerð 792/2001
 - Nýliðun í slökkviliðum hefur aukist mikið síðastliðin ár
 - Atvinnuslökkviliðum hefur fjölgað
 - Nám fyrir atvinnuslökkviliðsmenn verið framkvæmt af atvinnuslökkviliðum í fjarkennslu
 - Erfiðleikum bundið fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn að komast í öll námskeið grunnnámsins
 - Mikill kostnaður sveitarfélaga við hlutastarfandi nám
 - Ýmsir aðilar hafa kallað eftir aukinni fjarkennslu
- => Grettistaki í menntunarmálum hefur verið lyft, hvað varðar námskeiðahald og framleiðslu námsefnis, en nýta verður nútíma tækni og fjarkennslu í mun meira mæli

Almennt um námið

- Fornám (á ábyrgð slökkviliða)
- Grunnám fyrir atvinnuslökkviliðsmenn
- Grunnám fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn
 - Námskeið 1 (vatnsöflun)
 - Námskeið 2 fyrri hluti (köld reykköfun)
 - Námskeið 2 seinni hluti (heit reykköfun)
 - Námskeið 3 (klippur og glennur)
 - Námskeið 4 (eiturefni)
- Eldvarnaeftirlit I, II og III
- Stjórnandi atvinnuslökkviliðs
- Stjórnandi hlutastarfandi slökkviliðs
- Slökkviliðsstjóri hlutastarfandi slökkviliðs
- Endurmenntunarnámskeið á 5-6 ára fresti

Grunnnám hlutastarfandi

- Lagt hefur verið til að bóklegur hluti námskeiðs 1, 2fh og 2sh verði kenndur í fjarkennslu sept– des 2010
- Að bóklegt nám (50%) verði kennt á einum stað á ca 6 laugardögum (ca 4 tímar í senn), nemendur geti fylgst með í símenntunarmiðstöðvum eða í tölvu, krossapróf eftir hverja lotu (6 stk), skriflegt lokapróf í desember
- Verklek kennsla (50%) fer fram á vel skilgreindum æfingum slökkviliða (vatnsöflun, köld reykköfun, heit reykköfun, osfrv, sjá bókina *Æfingar slökkviliða*) þar sem nemandinn sinnir ákveðnum hlutverkum sem vottast af slökkviliðsstjóra
- Kennarar koma í heimabyggð (ca 10 staðir á landinu) með verklegt próf vorið 2011, tekur einn heilan dag

Grunnnám hlutastarfandi

- Fjarkennslunámskeið A (1, 2fh og 2sh) verður framkvæmt sem tilraun haust 2010 (bóklegt) – vor 2011 (verklegt)
- Ef það tekst vel verður fjarkennslunámskeið B (3 og 4) framkvæmt vor 2011 (bóklegt) -haust 2011 (verklegt)
- Skriflegt próf í A er í desember (veikindapróf í janúar), skriflegt próf í B er í lok maí (veikindapróf í júní)
- Verkleg próf í A eru í maí/júní, verkleg próf í B eru nóv/des
- Vonast er til að þetta fyrirkomulag auki fjölda útskrifaðra slökkviliðsmanna, auki festu og skipulag námsins, minnki kostnað, en haldi minnst sömu gæðum. Skólaárið verður september til maí.

Yfirlit

- Nýtt Skólaráð Brunamálaskólans
- Bakgrunnur
- Almennt um námið
- Grunn nám hlutastarfandi slökkviliðsmanna
 - Námskeið 1, 2fh og 2sh
 - Hugsanleg útfærsla bóklegs náms og próf
 - Hugsanleg útfærsla verklegs náms og próf
 - Námskeið 3 og 4
- Stjórnandanámskeið
- Önnur námskeið skólans
- Lokaorð

Stjórnandanámskeið

- Fræðslusjóður hefur hingað til verið notaður til að senda ca 20-30 manns til Svíþjóðar á námskeið (fremst fyrir stjórnendur), ca 3 m.kr/ári
- Vegna hruns gjaldmiðilsins er mjög óhagstætt að senda mannskap erlendis og greiða námskeiðsgjöld í erlendum gjaldmiðli
- Umhverfisráðuneyti og Brunamálastofnun hafa brugðist við sparnaðarkröfum fjármálaráðuneytis með því að hætta úthlutun úr Fræðslusjóði tímabundið
- Við munum halda okkar Íslensku stjórnandanámskeiðum áfram (ca 2 á ári)
- Stefnt verður að því að fá hingað kennara og námsefni frá Revinge til að halda stjórnandanámskeið

Önnur námskeið skólans

- Á árunum 2010 og 2011 verður mest áhersla lögð á framangreindar breytingar á grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna
- Eldvarnaeftirlit I verði haldið á hverju ári
- Á hverju ári verði Eldvarnaeftirlit II eða III haldið, til skiptis
- Í reglugerð um Brunamálaskólann segir að endurmenntunarnámskeið fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn skuli halda á 6 ára fresti og endurmenntunarnámskeið fyrir eldvarnaeftirlit verði haldið á 5 ára fresti
- Ef þróun fjarkennslu í grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna gengur vel verður stefnt að þróun endurmenntunarnámskeiða

Lokaorð

- Í ár verður mikil áhersla lögð á þróun fjarkennslu í grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna
- Slökkviliðsstjórar og kennarar skólans eru hvattir til þess að íhuga þau drög að hugmyndum sem hér hafa komið fram, ræða málið í vinnuhópum og koma athugasemdum á framfæri, ýmist hér eða í samtölum við starfsmenn Brunamálastofnunar
- Nánara samráð verður haft við kennara skólans, LSS og Félag slökkviliðsstjóra